

Gagnagrúskarar

Afmælisfyrirlestur LMÍ

Tryggvi Björgvinsson

Þann 22. janúar 2013 voru gögn Landmælinga Íslands gerð gjaldfrjáls. Frá og með þeim degi, var gjaldskránni sem sagt breytt og nú var hægt að ná í kortagögn í mjög góðum gæðum í gegnum Netið.

Einu og hálfu ári síðar var ég, sem sérlegur áhugamaður um opin gögn beðinn um að segja frá ávinningnum af þessari breytingu hjá Landmælingum Íslands ásamt öðrum opnum gögnum. Áhuginn þá sneri sérstaklega að því hver ávinningurinn væri fyrir fyrirtæki, bæði stór og smá, þau sem standa í nýsköpun og rótgróin fyrirtækin.

Mér fannst sá áhugi alltof sölumiðaður. Mér fannst ekki þurfa neina söluæðu. Eins og einn meðlimur Umhverfis- og samgöngunefndar sagði á fundi í kringum frumvarp um gjaldfrjálsan landupplýsingagrunn: “[Opin gögn eru] no-brainer”.

Það sem mér finnst áhugaverðast og mest spennandi við gjaldfrjálsu gögnin er ekki hver ávinningur fyrirtækja er, heldur hver ávinningur samfélagsins er. Það er spurning sem er samt mjög erfitt að svara svona fljótt eftir breytingar.

Það er auðveldast að svara spurningunni um fjárhagslegan ávinning fyrirtækja:

- Sanngjarnari samkeppnisgrundvöllur,
- lægri þróunarkostnaður,
- ný sóknartækifæri og þess háttar.

Það er líka auðvelt að svara spurningunni um af hverju stjórnvöld vilja gjaldfrjáls gögn, sérstaklega ef við horfum á það út frá peningum.

Sem sagt, rökin með að við greiðum öll skatta til hins opinbera til að viðhalda innviðum, eins og grunnkortagerð og eigum því að geta fengið það sem við borgum fyrir án þess að borga meira fyrir það.

Einnig rökin um að fjölmargar opinberar stofnanir þurfa á þessu að halda þannig að það er betra að einblína á hágæða landmælingar frekar en hvernig eigi að færa fé úr einum vasa ríkissjóðs yfir í annan, eða hvað þá að treysta á að fá þetta allt saman, frá grunni, frá fyrirtækjum sem þá standa á mismunandi rekstrar- og samkeppnisgrundvelli.

Þessi rök snúa öll að mjög mikilvægum hagsmunaaðila í líftíma gagna og upplýsinga, svokölluðum upplýsingamillilið eða information intermediary. Flestir neyta gagna í gegnum svona milliliði. Við öikum eftir kortum í GPS tækjum, mögulega alla leið á Siglufjörð ef við treystum þeim blint.

Þessir upplýsingamilliliðir eru afskaplega mikilvægir og rök sem snúa að þeim eru einfaldlega bestu rökin til þess að útskýra af hverju gjaldfrjáls gögn eru svona mikilvæg. Með því að auðvelda þeim að miðla gögnum áfram náum við til eiginlega allra.

Þessi rök eru bara ekki jafn skemmtileg.

Það sem mér finnst skemmtilegast eru þessi ófyrirséðu, ósýnilegu áhrif sem svona breytingar hafa í för með sér fyrir samfélagið. Sem dæmi hvernig kortagerð getur verið grunnurinn að samblöndun ferðaþjónustu, tölunni 42 og göngutúrum.

Ég þekki mann sem er kannski ekki fitnesskóngur Íslands og hefur lítinn áhuga á BMI mælingum og svoleiðis en hann vill samt vera þökkalega heilbrigður. Hann ákvað einn daginn að byrja að fara í göngutúra til þess halda sér í formi. Þessi gaur er mjög líkur mér.

Konunni minni til mikils ama þá skil ég ekki tilgangslausa göngutúra. Svona gæti samtál á mínu heimili verið. Konan mín kemur og spyr mig: “Eigum við að fá okkur göngutúr um hverfið?” Ég horfi varla upp frá tölvunni... og spyr: “Til hvers?”

Sama hugsun hjá þessum manni. Hann þurfti að fá tilgang í göngutúrana sína. Þannig að hann notaði þessa göngutúra til þess að skrá húsnúmer og staðsetningu verslana og þjónustu á borð við hótela, kaffihúsa, bóka-verslana, fatabúða og bara fleira. Allt þetta skráði hann ásamt öðrum einstaklingum inn á opna og sameiginlega götukortið OpenStreetMap.

Á meðan hann safnaði húsnúmerunum og ýmsum þjónustum og verslunum í göngutúrunum sínum fór hann líka að taka myndir af öllum húsum með númerið 42. Allir aðdáendur Douglas Adams, sem er stórt hlutmengi allra nörda, geyma töluna 42 á góðum stað í hjartanu.

Úr þessum kortagerðargöngutúrum varð því ekki aðeins til hentugt kort, t.d. fyrir ferðamenn heldur líka myndarlegt safn af fjölbreytni húsnúmera og arkitektúrs. Afskaplega áhugavert og forvitnilegt fyrir t.d. arkitekta.

Svona finnst mér skemmtilegt. Kortagerðin hélt honum við efnið. Einn einstaklingur hugsaði betur um heilsufarið sitt. Hverjum hefði dottið í hug að tengja heilsufarsástæður við gjaldfrjáls kortagögn. Persónur eins og þessi maður, sem grúskar í kortagerð, eru alveg eins og fyrirtæki og opinberir aðilar, líka mjög mikilvægur hluti af gagnaumhverfinu.

Þeir eru ekki í þessu til að græða pening eða skapa fyrirtæki eða eitthvað þess háttar. Aðaldrífkrafturinn hjá þeim er áhugi, að sjá hvað er hægt að gera, að læra af hlutunum. Þeir eru mjög meðvitáðir um hvernig við stöndum öll á öxlum rísa, að sköpun verður ekki til úr engu. Þessir grúskarar byggja vinnuna sína á

verkum annarra og þeir vilja dreifa sínu grúski með öðrum og svo álpast þeir til að lesa lögin og rekast á höfundaréttarlög.

Höfundaréttur hræðir líftóruna úr grúskurum.

Grúskarar eru bara einstaklingar. Þeir hafa ekkert sterkt fjárhagslegt bakland. Drifkrafturinn þeirra er ekki sala á þjónustu eða afurðum. Drifkrafturinn er áhugi og fróðleiksfýsn. Þeir geta auðvitað bedið um leyfi hjá réttihöfum en þeir hafa ekki fjármuni til að greiða fyrir það ef til þess kemur.

Svo er líka mjög erfitt að svara spurningunni um í hvaða tilgangi grúskararnir vilja fá gögnin eða efnið Réttta svarið þeirra væri: “Bara... Eitthvað sem mér dettur í hug... Veit ekki... Eða jú. Ég á eftir að deila öllu á Internetinu svo aðrir geti líka lært af grúskinu mínu”.

Þetta er ástæðan fyrir að kortagerðarmaðurinn skráði sjálfur staðsetningar og húsnúmer. Það er alveg hægt að nálgast þessar upplýsingar en þær eru höfundaréttarvarðar og þá er betra að hafa vadið fyrir neðan sig og ekki treysta á að maður brjóti ekki óvart lögin.

Þannig voru reyndar mín fyrstu tengsl við Landmælingar Íslands. Ég stunda fjallgöngur og hef ekki enn týnst þökk sé gömlu herforingjaráðskortunum. Um fjórum árum áður en Landmælingagögnin urðu gjaldfrjáls setti ég mig í samband við Landmælingar Íslands af því að ég hafði áttað mig á að herforingjaráðskortin voru komin úr höfundarétti. Þannig að mig langaði að fá kortin til að gera bara eitthvað, veit ekki, grúska aðeins í kortunum og leika mér.

Mér fannst starfsfólk Landmælinga Íslands ofboðslega skilningsríkt á óskina mína um að fá kortin en kannski ekki á hrædsluna mína við það að fá gögnin á stafrænu formi. Það er nefnilega þannig að það má skilja höfundaréttarlögin þannig að nýr verndarréttur myndast við umbreytingu á formi, við það að setja gögnin yfir á stafrænt form. Ég þorði eiginlega ekki að snerta á þessu. Í sannleika sagt þá missti ég eiginlega áhugann á því á þeim tíma af því að “að leika mér” rakst á örlitla hraðahindrun.

Þess vegna er ég alveg ótrúlega ánægður með frumkvæði Landmælinga Íslands um að hver sem er megi nota gjaldfrjálsu gögnin án þess að þurfa að komast yfir hraðahindranir á leiðinni og lifa í eilífum ótta við að óvart brjóta lögin. Það er reyndar enn tækifæri til að fara eina umferð í viðbót með þúfnabanann á aðgengið að gögnunum.

Þetta er samt æðislegt og það getur alið af sér grúskara sem geta jafnvel leitt til framfaraskrefta um allan heim. Ég tek svona stórt til orða af því að næsta og síðasta sagan mín er af eiginkonunni minni.

Þekktustu grúskararnir eru örugglega rannsakendur og fræðimenn. Í doktorsnáminu sínu hefur eiginkonan mín skoðað innri strúktúr Eyjafjallajökuls sem getur leitt til þess að það sé hægt að sjá hvar kvika gæti brotið sér leið út. Þetta er hinn vinkillinn á því sem Jón Svanberg (í fyrirlestrinum á undan mér) talaði um. Hann notar landupplýsingar til að bregðast við í neyðarástandi.

Grúsk konunnar minnar snýr að því að sjá eða spá fyrir um hvar neyðarástandið gæti komið upp og þannig stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum. Eiginkonan mín þurfti á kortagögnum að halda fyrir rannsóknirnar sínar og hún ákvað að nota kortagögnin frá Landmælingum Íslands.

Hún vannur í jarðvísindadeild Háskóla Íslands og þó svo að þar sé hægt að nálgast nálgast öflug og uppfærð kort rakst hún samt á vegg. Hún vissi ekki hvaðan gögnin sem hún fékk í hendurnar komu og hversu uppfærð þau voru.

Hún leysti það með því að einfaldlega sækja þau beint í upprunann, Landmælingar Íslands. Svo fékk hún spurningar um það hvar hún fékk svona góð kortagögn.

Það varð svo til þess að hún sendi kortagögnin áfram til leiðbeinanda síns í Svíþjóð og sagði honum frá niðurhalssíðu Landmælinga Íslands og aðrir nemendur hans geta þá auðvitað líka nálgast og notað gögnin. Hún sendi gögnin líka til fransks prófessors í Noregi. Kortagögnin eru með þessu frjálsa flæði og án þess að þurfa að hoppa í gegnum höfundaréttarhringi búin að bæta rannsóknir um allan heim.

Þetta er samt ekki skemmtilegasta sagan af grúskinu hennar á Landmælinga-gögnunum. Það sem mér finnst skemmtilegast er nýja jólaskrautið okkar. Ég veit að sumarið er á næsta leyti og enginn vill hugsa um jólin ákkúrat núna. Þetta er samt of skemmtileg saga til að sleppa að segja frá.

Margir myndu eflaust fönðra músarstiga eða eitthvað svoleiðis fyrir jólin. Ekki gagnagrúskarar. Konan mín tók Eyjafjallajökulsgögnin sín og bjó til þversnið af Eyjafjallajökli sem hún fór svo með í FabLab í Reykjavík og skar út í plexigler með laserskera. Úr varð ofboðslega flottur og framandi jólaórói. Hún gaf svo meðal annars Landmælingum Íslands eitt stykki af órönum fyrir jólin.

Þannig að núna munum við í fjölskyldunni á hverjum jólum muna eftir gjaldfrjálsu gögnunum hjá Landmælingum Íslands.

Landmælingar Íslands hafa alla mánuði ársins til að muna eftir mikilvægi opinna gagna fyrir fyrirtæki og stjórnvöld en á hverjum jólum geta Landmælingar Íslands munað sérstaklega eftir þakklæti gagnagrúskara fyrir að þau opnuðu gögnin og gerðu þeim mögulegt að gera eitthvað skemmtilegt með þau.